

Viðauki 3 – Tækniskilmálar Ethernetþjónustu

1 Yfirlit


Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Mílu skal uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað, eins og lýst er í viðauka þessum.

Mílu er heimilt að krefjast þess að viðsemjandi leggi fram gögn er staðfesti að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Ethernetþjónusta styður við Metro Ethernet Forum (MEF) staðal þar sem því er við komið og byggir á MPLS-TP tækni.

Þjónustan býður upp á möguleika á að skilgreina nýja tegund af pakkaskiptri gagnaflutningsþjónustu sem byggir á ethernet-tækni og hefur það umfram þá tækni sem Míla hefur hingað til notað (SDH) að hægt er að skilgreina meðal annars frátekna eða samnýtta bandvídd. Kostur vörunnar er sveigjanleiki til viðbótar við hefðbundna leigulínu.

Þjónustan býður upp á að tengja saman tækjabúnað á mismunandi stöðum með Ethernet tengiskilum. E-Lína veitir viðskiptavinum aðgang að einni EVC tengingu (Ethernet Virtual Connection) milli tveggja staða. Hver tengiskil geta verið upphafsstaður margra E-línu sambanda frá sama stað. Míla getur, sé þess óskað, notað V-LAN merkingar í tengiskilum til að beina mismunandi V-LAN tengingum á mismunandi afhendingastaði í kerfi Mílu. E-Lína er afhent á 1 Gb/s og 10 Gb/s tengiskilum.



2 Tæknileg skilgreining

Þjónustan býður uppá tvíátta samhverfan flutning á ethernet römmum í gegnum stöðluð IEEE 802.3 ethernet tengiskil. Taflan hér að neðan sýnir hvaða tengiskil eru í boði ásamt bandviddarþrepum sem boðin eru á slíkum tengiskilum.

Hraði	Tengiskil	Hraðaprep CIR og EIR
1 Gb/s	1000Base – LX og T	10 og 100 Mb/s
10 Gb/s	10Gbase – LR	100 og 1000 Mb/s

Til að tryggja sem mestan sveigjanleika í ethernet þjónustu Mílu er E-lína ávallt sett upp sem EVPL.

Varðandi aðra tæknilega eiginleika er vísað í eftirfarandi vefslóðir:

MEF 6.1 -

http://metroethernetforum.org/Assets/Technical_Specifications/PDF/MEF6-1.pdf

MEF 10.2 -

http://metroethernetforum.org/Assets/Technical_Specifications/PDF/MEF10.2.pdf

CE2.0 –

<http://metroethernetforum.org/carrier-ethernet/carrier-ethernet-services#>

IEEE 802.1ad –

<http://standards.ieee.org/getieee802/download/802.1ad-2005.pdf>

Ath; meðfylgandi hlekkur vegna IEEE 802.1ad verður uppfærður innan skamms.